

**Nd.**

**589. Breytingartillögur**

[204. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 13. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:  
Bókasöfn, sem rekin eru af lestrarfélögum eða öðrum félagssamtökum, skulu því aðeins njóta framlaga frá ríkissjóði og sveitarsjóðum samkv. lögum þessum, að félögin séu opin öllum íbúum sveitarfélagsins.
2. Við 32. gr. Við 1. málsg. bætist nýr málslíður, þannig: Einnig samrit af íbúaskrá Hagstofunnar fyrir bæinn eða héraðið og afrit af skýrslum sóknarpresta til Hagstofunnar, sem um getur í 2. tölul. 4. gr. laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.